

Ed.

47. Nefndarálit

um frv. til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík.

Frumvarpið er stjórnarfrumvarp. Vjer vísum til athugasemda stjórnarinnar við frumvarpið og höfum fáu þar við að bæta.

Allar tillögur efri deildar um þetta mál á síðasta þingi hafa verið teknar til greina, nema sú um yfirmat.

Vjer getum ekki fallist á röksemdir bæjarstjórnar fyrir því, að yfirmat sje óþarft; vjer teljum það mjög svo nauðsynlegt, þar sem hjer getur verið að ræða um mjög deildar meiningar um verðmæti þeirra.

Að öðru leyti fellum vjer oss vel við frumvarpið og leggjum til að það verði samþykkt, en aukið við það einni grein um yfirmat, er verði 9. gr.

VIÐAUKATILLAGAN

hljóðar þannig:

Frjálst er hvorum málsaðilja að krefjast yfirmats. Skal þá bæjarfógeti dómkveðja 3 yfirmatsmenn.

Kostnað við yfirmatið skal sá greiða, sem þess krafðist, nema munurinn milli yfirmats og undirmats fari fram úr 10% af matsverði, þá greiða aðiljar að sinum helmingi hvor.

Efri deild Alþingis, 16. júlí 1915.

Eiríkur Briem
formaður.

G. Björnson
ritari og framsögumaður.

Karl Einarsson.